

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra um frest vegna umsókna um lækkun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2008.

1. Frestur vegna umsókna um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2008, sbr. reglugerð nr. 1233/2007, er til 4. apríl nk. vegna manna, en til 31. maí 2008 vegna lögaðila. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið póstagðar til skattstjóra í umdæmi umsækjanda fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skattstofn vegna tekjuársins 2007 séu a.m.k. 25% lægri en á tekjuárinu 2006 og að álögd gjöld 2008 muni að lágmarki verða 30.000 kr. lægri en við álagningu 2007.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslu með framlagningu skattframtals 2008 ásamt lögboðnum fylgiskjölum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2008 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1233/2007 og taka þegar gildi.

*Reykjavík, 10. janúar 2008.*

**Skúli Eggert Þórðarson** ríkisskattstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2008